

Opnir fundir með Clare Dickens

LANDSSAMTÖKIN Geðhjálp standa fyrir opnum fundum um geðheilbrigðismál á Selfossi mánudaginn 17. mars og í



Clare Dickens

Reykjanesbæ þriðjudaginn 18. mars. Fundurinn á Selfossi er haldinn í Rauða kross húsinu við Eyrarveg 23 og í Reykjanesbæ í Listasal Reykjanesbæjar í Duus húsum. Fundirnir

bera yfirskriftina „Lífsreynslan og bataferlið“ og hefjast kl. 20 á báðum stöðum. Í frétt frá Geðvernd segir að til efnið sé alltaf til staðar en tækifærið nú hafi gefist vegna heimsóknar Clare Dickens hingað til lands. Clare er höfundur bókarinnar „Þegar ljósið slokknar – Baráttusaga sonar og móður“.

Á fundunum mun Sigursteinn Músson ræða um geðhvörf og persónulega upplifun sína af bataferli og því sem ræður úrslitum um bata eða veikindi, þá fjallar hann um íslenska geðheilbrigðiskerfið og hugmyndir til breytinga.

Clare Dickens fjallar um reynslu sína og nýútkomna bók sína og sonar

síns Titusar Dickens. Titus Dickens, sonur Clare, greindist með geðhvörf sextán ára gamall og saman hófu þau baráttuna við þennan erfiða sjúkdóm.

Skrifaði bók um baráttuna

Clare ákvað að skrifa ásamt Titusi bók um þessa baráttu til þess að saga þeirra gæti orðið öðrum til hjálpar. Bókin kom út síðla árs 2007 og í innangangsorðum segir Sigursteinn Músson, fyrrverandi formaður Geðhjálp- ar og ÖBÍ, m.a.: „Móðir mín var mín jörð, minn klettur í miðjum brotsjón- um. Hún gafst ekki upp – góð móðir gerir það ekki. Í þrjú ár veitti hún mér stuðning, hlýju og skjól þegar heimurinn hrundi jafn mörgum sinn- um. Clare Dickens er svona móðir“ og síðar; „Clare var drifin af ást til sonar síns og sannfæringunni um að reynsla hennar og Titusar gæti hjálpað öðrum“.

Eggert Sigurðsson, fræðslu- og upplýsingafultrúi Geðhjálp- ar, ræðir um nýjar áherslur félagsins og hvernig það ætlar að stuðla að breyt- ingum á íslensku geðheilbrigðiskerfi vilt og breitt um landið í náinni sam- vinnu við heimamenn á hverjum stað. Bataferli verður að eiga sér stað í því samfélagi þar sem fólk lifir og starfar.